

Par- og einbýlishúsabyggð við Leiðhamra vestan Gullinbrúar  
í Grafarvogi.

1.0. Skipulagsskilmálar.

1.1. Sérákvæði.

	BORGARSÍKULAG REYKJAVÍKUR	2.2.92
Samþykkt í skipulagsnefnd		7.11.88
Samþykkt í borgarráði		8.11.88
Samþykkt í borgarstjórn		

1.1.1 Úthlutun.

Skilmálar þessir ná til 15 parhúsalóða með 30 íbúðum og 32 einbýlishúsalóða, sem hægt er að úthluta til einstaklinga eða framkvæmdaaðila.

1.1.2 Uppdrættir

A byggingarnefndarteikningum skal sýna, auk þess, sem getið er um í gr. 3.2. byggingarreglugerðar, skipulag lóðar í aðalatriðum með hæðartölum á landi við hús og á lóðarmörkum. Höfundum uppdrátta er heimilt að leggja til byggingarfulltrúa fyrirspurn í mkv. 1 : 100 eða 1 : 200, sem sýnir útlínur húss í grunnmynd, útlit og sneiðingar með helstu hæðartölum. Sami aðili skal gera byggingarnefndarteikningar að öllum húsum á sömu lóð.

1.1.3 Mæliblöð,  
hæðarblöð.

Mæliblöð sýna lóðarmörk, byggingarreiti og 2 bílastæði á lóð ásamt 0,7 gestabílastæði per íbúð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Hæðarblöð sýna gangstéttarhæðir á lóðarmörkum (G-tölur), landhæðir á öðrum lóðarmörkum, leiðbeinandi hæðartölur aðalhæðar (H), kjallara (K) legur og hæð frárennslislagna o.fl.

1.1.4 Húsagerðir,  
stærðir húsa

Húsagerðir skiptast þannig í þyrringu við Leiðhamra.

- 4 einna-hæðar ~~einbýlishús~~ ca.  $160 \text{ m}^2$  auk bílskúrs, risþak, þakhalli ~~20~~<sup>sem ósíð</sup>. Hugsanlegur kjallari undir hluta hússins.
- 4 einna hæðar parhúsa íbúðir ca.  $120 \text{ m}^2$ , kjallari ~~sem nekk~~<sup>innhvorrður</sup> undir hluta af húsinu Risþak halli ~~20~~<sup>sem nekk</sup> Bílskúr innhvorrður.

- c) 26 parhúsa íbúðir, grunnflötur aðalhæðar ca.  $120 \text{ m}^2$ . Rishæð portbyggð ca.  $90 \text{ m}^2$ . Risþak  $35 - 40^\circ$ . Mesta hæð langveggja  $4 \text{ m}$  mælt frá gólfí á aðalhæð að þakklæðningu við útbrún veggja. Bílskúr innbyggður.
- d) 14 einna hæðar einbýlishús ca.  $190 \text{ m}^2$ , <sup>sem næst</sup> Pakform pýramiða lagað með 20 halla. Hugsanlegur kjallari undir hluta af húsunum vegna legu í brekku. Bílskúr innbyggður.

Húsagerð í þyrringu nálægt Salthörmrum.

- a) 14 einbylishús ca.  $190 \text{ m}^2$  með kjallara undir hluta húsanna. Bílskúr innbyggður eða tengður, miðað við legu húsanna sunnan eða norðan megin við veg. Pakform pýramida lagað <sup>sem vænt</sup> pakhalli 20.

#### 1.1.5 Frágangur á lóðarmörkum

Samráð skal hafa við nágranna um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum. Ef óskað er eftir léttum skjólveggjum allt að  $2 \text{ m}$  háum utan við byggingarreit húsa skulu þeir sýndir á byggingarnefndarteikningum og er staðsetning þeirra og útfærsla háð samþykki byggingarnefndar.

#### 1.1.6 Annað

Fyrirvari er á staðsetningu húsa á korti í mkv. 1: 1000. Byggingarreitur og lóðarstærð verður nánar ákveðin á uppdrætti í 1:500 og mæliblaði (sjá 1.1.3)

Reykjavík, 3 nóvember 1988

*Knútur Jeppesen*

Knútur Jeppesen ark.